



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

53. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 5. desember 2014 kl. 15:00 í fundarherbergi SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

- 1. Tillaga að nýju svæðisskipulagi - Yfirferð Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu**
Hrafnkell og Hjálmar lögðu fram minnisblað um samskipti við Skipulagsstofnun. Þar sem m.a. kom fram að Skipulagsstofnun teldi mjög mikilvægt að fyrsta fjögurra ára þróunaráætlunin yrði samþykkt í sveitarfélögum áður en nýtt svæðisskipulag yrði staðfest.
Umsögn Skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mun liggja fyrir í síðasta lagi 10. desember að óbreyttu.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fela svæðisskipulagsstjóra og skrifstofu SSH að hefja gerð fyrsta áfanga þróunaráætlunar til fjögurra ára í samræmi við aðgerð 6.1.4 í tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Stefnt skal að því að fyrsta fjögurra ára þróunaráætlunin verði samþykkt í öllum aðildarsveitarfélögum á sama tíma og tillagan verður afgreidd endanlega að auglýsingu lokinni.

Svæðisskipulagsnefnd felur formanni nefndarinnar og svæðisskipulagsstjóra að afgreiða tillöguna í auglýsingu þegar umsögn Skipulagsstofnunar liggur fyrir sbr. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda feli umsögn Skipulagsstofnunar ekki í sér tilefni til að kalla nefndina saman. Kynna skal umsögn Skipulagsstofnunar með auglýstri tillögu. Svæðisskipulagsnefnd mun fjalla um umsögn Skipulagsstofnunar samhliða umfjöllun um innkomnar athugasemdir að kynningartíma loknum.

2. Endurskoðun aðalskipulag Seltjarnarness 2006 - 2024 - Umsögn um skipulags- og matslýsingu

Bjarni Torfi Álfþórsson gerði grein fyrir skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðun aðalskipulags Seltjarnarness.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur Seltjarnarnesbæ til að nýta mannfjöldaspár höfuðborgarsvæðisins og önnur gögn sem orðið hafa til við gerð nýs svæðisskipulags.

3. Skipulagslýsing deiliskipulags Smárans vestan Reykjanesbrautar

Lagt var fram skipulagslýsing deiliskipulags Smárans vestan Reykjanesbrautar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd mun almennt ekki gefa umsögn um einstaka deiliskipulagsverkefni, enda eiga þau að vera í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélaga. Kalli deiliskipulagsverkefnið á breytingu aðalskipulags kemur hins vegar til umsagnar nefndarinnar við aðalskipulagsbreytinguna. Svæðisskipulagsnefnd hvetur þó Kópavogsbæ til að nýta mannfjöldaspár höfuðborgarsvæðisins og önnur gögn sem orðið hafa til við gerð nýs svæðisskipulags.

4. Önnur mál

Svæðisskipulagsnefnd og skrifstofu SSH var færð bókin Scarcity in excess að gjöf frá Örn Mathiesen.

Fundargerð samþykkt í lok fundar. Fundi slitið kl. 17:00